



Reykjavík 4. janúar 2019

Efni: Bíllausi dagurinn 22. september 2019

Höldum alvöru „Bíllausan dag“

Af hverju Bíllaus dagur

Hugmyndafræðin á bak við bíllausa daginn styður við Heimsmarkmið SP, Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, hjólreiðaáætlun Reykjavíkur og fleiri umhverfistengdar stefnur. Á Bíllausa deginum í Evrópsku samgönguvíkunni 22. september 2019 stefnum við á lokanir fyrir bílaumferð í öllum sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu **á völdum svæðum** þar sem fólk vill vera frá kl. 9 – 17. Félagasamtök og fyrirtæki verða hvött til þátttöku og íbúum boðið að njóta án nærveru akandi bíla. Með bíllausa deginum er hugað að:

- Öryggi, lýðheilsu og lífsgæðum í nærumhverfi
- Sjálfbærni, umhverfis- og vistvænum lausnum
- Breytingum á ferða- og neysluvenjum
- Samkeppnishæfni verslana og viðskiptalífs
- Hvatning til virkni félagasamtaka
- Efling nýsköpunar og snjallra lausna.

Bíllaus dagur flokkast sem mjúk aðgerð í stefnumótun þegar kemur að ferðavenjum borgara. Heildræn upplýsingaöflun er lykilatriði því brýnt er að byggja aðgerðir, eftirfylgni og úrbætur á þekkingu. Afla þarf upplýsinga þar sem skoðað er hver samfélagslegur og efnahagslegur ávinningur er, auk þess sem brýnt er að mæla áhrif viðburðarins á loftgæði og losun koltvísýrings og annara gróðurhúsalofttegunda. Vinsældir Bíllausa dagsins fara vaxandi erlendis og má nefna að viðburðurinn er grunnurinn að innleiðingu bíllausa sunnudagsins í París.

Bíllausi dagurinn verður á ábyrgð sveitarfélaganna sem taka þátt. Verkefnastjórn ætti að vera samræmd og miðla þekkingu á milli sveitarfélaga og halda saman gagnavinnslu. Stuðningur Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og tenging við Evrópsku samgönguvíkuna er lykilatriði.

Reikna má starf verkefnastjórnar sem ígildi 50% starfs á ársgrundvelli sem skiptist á milli nokkurra verkþátta.

Verkefnastjórn mun sjá um:

- Samstarf við aðila viðburðarins erlendis.
- Hanna spurningalista, viðtalsramma, rannsóknarsnið, úrvinnslu og sjá um gagnagreiningar.
- Greina hagsmuni hlutaðeigandi aðila og leggja fram ítarleg drög að samráði og samvinnu við hagsmunaaðila viðburðarins; íbúa, félagssamtök, atvinnulíf skóla og aðra í nærumhverfinu.
- Tryggja aðgengi að öðrum gögnum (t.d. um loftgæði),
- Hanna framkvæmdaráætlun fyrir sveitarfélögin.
- Markaðsáætlun fyrir Bíllausa daginn á samfélags- og fréttamiðlum og hönnun fræðsluefnis.
- Kynningar í skýrsluformi, pistlum, fréttagreinum, netmiðlum o.fl.
- Undirbúa framkvæmdaráætlun fyrir næsta ár, byggt á reynslu verklags og niðurstöðum.
- Uppsetningu gagna í opnu aðgengi á heimasíðu verkefnis.
- Samantekt haustið 2019 – hvernig tókst til með Bíllausa daginn.



Sveitarfélögin munu sjá um:

- Taka þátt í fundum verkefnastjórnar
- Framkvæmd samráðs við viðeigandi hagsmunaaðila
- Aðstoða við gagnaöflun
- Sjá um framkvæmd þeirra markaðsáætlunar sem hentar
- Ákvarða umfang viðburðar, m.t.t lokunnar almenningsrýma og gatna og fjölda viðburða sem settir verða á laggirnar í því rými sem valið verður.
- Standa undir hlutfalli af sameiginlegum kostnaði vegna verkefnastjóra, verkefnastjórnar og gangaöflunar.
- Standa undir kostnaði við þátttöku síns fulltrúa í verkefnastjórn.
- Tryggja fjármagn til framkvæmdar við Bíllausa daginn

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun sjá um:

- Miðla tengingu við aðrar verkefnastjórnir Bíllausa dagsins í Evrópu gegnum tengslanetið í Brussel.
- Styðja við gerð heimasíðu Bíllausa dagsins með tengslum við síðu Samgönguvikunnar.
- Styrkja aðkomu að fyrsta Bíllausa deginum með styrk úr verkefnasjóð ráðuneytisins.

Verk- og kostnaðaráætlun fyrir Bíllausa daginn 22. september 2019		
Tími	Verkþáttur	Kostnaður
Haust 2018	Mótun verkefnis hefst – kynning, fjármögnun	400.000 kr.
Jan – mars 2019	Þýðingar, gátlistar, kynningar, tengslanet	500.000 kr.
mars – maí 2019	Gerð heimasíðu	1.000.000 kr.
Maí - september 2019	Undirbúningur og kynningar	2.500.000 kr.
September	Auglýsingar	1.000.000 kr.
Sept - nóv 2019	Samantekt, kynningar og uppgjör	600.000 kr.
	Samtals kostnaður:	6.000.000 kr.
Styrkumsóknir - til umsóknar		upphæðir
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið		2.000.000 kr.
Sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu, skipting samkvæmt SSH		4.000.000 kr.
	Samtals styrkupphæðir:	6.000.000 kr.

Formleg erindi eru send á öll sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu í ársbyrjun 2019. Svör um fjármögnun þurfa að vera skýr eigi síðar en um miðjan febrúar 2019 svo formlegur undirbúningur fyrir Bíllausa daginn geti hafist.

Fyrir hönd Hjólafærni á Íslandi og Landssamtaka hjólréiðamanna:

Sigrún Birna Sigurðardóttir
PhD í samgöngu- og umferðarsálfræði
sigrun@prsradjof.is
S: 821 0805

Sesselja Traustadóttir
Framkvæmdastýra Hjólafærni á Íslandi
hjolafaerni@hjolafaerni.is
S: 864 2776